



Peð : klippið peðin, rúllið þeim í keilu og límið saman.

Ævintýri

á Reykjanesi Lestrarspil



Leikreglur

Leiktími 10 - 40 mínútur.

Hver leikmaður velur sér bók við hæfi (í léttari kantinum), sem gæti skemmt samspilurum. Alltaf er lesið upphátt nema annað sé tekið fram. Bókin er höfð við hendina meðan spilað er.

Yngsti leikmaðurinn byrjar og svo koll af kolli réttisælis. Þegar röðin kemur að leikmanni kastar hann teningnum og peðið færir um jafnmarga reiti og teningurinn sýnir. Fylgja þarf fyrirmælum á myndareitum og elta örina ef leikmaður lendir á appelsínugulum reit. Ef leikmaður treystir sér ekki til að fylgja fyrirmælum situr hann eftir eina umferð. **Alltaf er lesið upphátt** nema annað sé tekið fram. Skriðið niður hversu oft þið lesið. Sá vinnur sem kemst fyrstur aftur í bókasafnið.

Gott er að hafa vatnsglas við höndina.

Til viðmiðunnar:

- 1.-2. bekkur** (byrjendur í lestri) lesa 2 línur nema annað sé tekið fram.
- 3.-4. bekkur** lesa 5 línur nema annað sé tekið fram.
- 5.-6. bekkur** lesa 15 línur nema annað sé tekið fram.
- 7.-8. bekkur** lesa 25 línur nema annað sé tekið fram.
- 9.-10. bekkur** og eldri (fluglæs) lesa 35 línur nema annað sé tekið fram.

Meta þarf hversu margar blaðsíður, línur eða orð á að lesa eftir lestrargetu viðkomandi, passa að velja bók við hæfi og hafa gaman.